


Andblær



Bókmenntir og draumbókmenntir

3. hefti

Steinunn Ásmundsdóttir

Spöngin

(Á Þingvöllum)

Spöngin
er víst áreiðanlega
miðja alheimsins.
Þar eru atburðir,
sögur og hljóð
geymd í viðjum
og bæra ekki á sér
nema að komi maður
og sitji hljóður
um stund.

Umhverfis rennur
tíminn í vatninu.

Reimleikar

Þeir voru þrír
sem komu úr hraunborginni
upp af húsinu.

Stjarnfir stóðu þeir
og stórðu tómum augum
í austurgluggann.

Ef til vill var það
biblían á borðinu
sem varnaði þeim inngöngu.

Síðan hefur verið kyrrt.